

STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 1997

14. október 1997

1277

Nr. 572

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun,
mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við reglugerð nr. 188/1988 bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Í stað dagsetningarinnar „15. október“ í 4. tl. 17. gr. reglugerðar nr. 188/1988, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994, 493/1994 og nr. 20/1996, kemur: til og með 20. október.

2. gr.

Breyting þessi gildir einungis fyrir mat á hrútlömbum á árinu 1997.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 96 27. maí 1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðis skoðun og gæðamat á sláturafurðum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. október 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.